



LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. maí 2019

Efni: Umsögn við frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.)

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Lögreglustjóranum á Suðurnesjum til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, lögum um meðferð sakamála og fleiri lögum (skilvirkni og samræming málsmeðferðarreglna o.fl.), 783. mál.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum telur efni frumvarpsins til bóta enda mikilvægt að auka skilvirkni í dómsmálum og að gæta að því að samræmi sé í framkvæmdinni. Embættið telur hins vegar að ganga megi lengra í þá átt að auka skilvirkni en gert er með frumvarpinu.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögn héraðssaksóknara og ríkissaksóknara hvað varðar 4. mgr. 95. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og þann 12 vikna hámarksfrest sem ákvæðið fjallar um, sem ekki þekkist í löggjöf annarra Norðurlanda. Þá verður Lögreglustjórinn á Suðurnesjum að ítreka af því tilefni að nýleg dæmi hafa ítrekað sýnt og sannað að erfitt er að halda sakborningum á landinu sem sæta farbanni auk þess sem mjög þungbært getur reynst erlendum sakborningum að sæta farbanni hér á landi í lengri tíma.

Gríðarlega mikill tími og kostnaður er fólgin í flutningum gæsluvarðhaldsfanga í og úr dómi. Hluti þess varðar flutninga vegna aðalmeðferðar fyrir dómi en stór hluti varðar flutninga vegna framlengingar á gæsluvarðhaldi og í fyrirtökur fyrir dómi þar sem ekki er sérstök ástæða fyrir því að sakborningur sé viðstaddur í eigin persónu. Það segir sig sjálft að á meðan fjöldi rannsóknarlögreglumanna er heilu og hálfu dagana að flytja gæsluvarðhaldsfanga í og úr dómi vegna framlenginga á gæsluvarðhaldi eða fyrirtöku fyrir dómi að þá eru sömu rannsóknarlögreglumenn ekki að rannsaka það sakamál sem er undir. Lengi hefur verið rætt um það að nýta fjarfundabúnað í slíkum tilvikum, þ.e. að sakborningur sé viðstaddur slík þinghöld í gegnum fjarfundabúnað. Má í því skyni benda á tillögur starfshóps dómsmálaráðherra um aukna skilvirkni í sakamálum frá árinu 2010 á bls. 5-6. Lagði hópurinn til að réttarfarsnefnd yrði falið að gera tillögur að breytingum á lögum um meðferða sakamála þar sem skilgreindar yrðu heimildir til notkunar fjarfundabúnaðar við skýrslutökur fyrir dómi af sakborningi og

Brekkustígur 39	Hringbraut 130	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	Vikurbraut 25	Miðnestorgi 3	Sunnubraut 4	Hafnargata 17
260 Reykjanesbær	230 Reykjanesbær	Keflavíkurflugvöllur	240 Grindavík	245 Sandgerði	250 Garður	190 Vogar
<ul style="list-style-type: none">• Yfirsjón	<ul style="list-style-type: none">• Almenn deild	<ul style="list-style-type: none">• Flugstöðvardeild	<ul style="list-style-type: none">• Hverfistöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfistöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfistöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfistöð
<ul style="list-style-type: none">• Fjármál og skrifstofuhald• Lögfræðisvið		<ul style="list-style-type: none">• Rannsókn skipulagðrar brotasáttfærsemi				
<ul style="list-style-type: none">• Rannsókn alvarlegru brota						




LÖGREGLUSTJÓRINN Á SUÐURNESJUM

Brekkustígur 39, 260 Reykjanesbær, sími: 444-2200

vitnum. Lögreglustjórinn á Suðurnesjum telur það augljóst að ef heimilt væri að nýta fjarfundarbúnað í slíkum tilvikum myndi sú heimild í engu minnka réttindi gæsluvarðhaldsfanga, stytta rannsóknir sakamála og því þann tíma sem nauðsynlegt er að hafa gæsluvarðhaldsfanga undir þvingunarúrræðum.

Lögreglustjórinn á Suðurnesjum,


Alda Hrönn Jóhannsdóttir, yfirlögfræðingur

Brekkustígur 39	Hringbraut 130	Flugstöð Leifs Eiríkssonar	Vikurbraut 25	Míðnestorgi 3	Sunnubraut 4	Hafnargata 17
260 Reykjanesbær	230 Reykjanesbær	Keflavíkurflugvöllur	240 Grindavík	245 Sandgerði	250 Gærður	190 Vogar
<ul style="list-style-type: none">• Yfirsjón• Fjármál og skrifstofulínd• Lögfræðisvið• Rannsókn alvarlegri brota	<ul style="list-style-type: none">• Almenn deild	<ul style="list-style-type: none">• Flugstöðvardeild• Rannsókn skipulagðar brotastarfsemi	<ul style="list-style-type: none">• Hverfastöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfastöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfastöð	<ul style="list-style-type: none">• Hverfastöð